



» Purfa 10.000 tonn af loðnu

Japanskir loðnuframleiðendur óttast að loðnubresturinn hér geti gert neytendur fráhverfa loðnu. Mikilvægir markaðir og þúsundir starfa eru í húfi.

» 4

Svampur.is

Sérstíðum og klæðum svampdýnur
í skip og báta

Svampur á bekk og bök

Fljót og góð þjónusta

Svampur ehf Vagnhöfði 14. 110 Rvk sími
567-9550 www.svampur.is

Fiskifréttir

FIMMTUDAGUR

30. JANÚAR 2020

4. tbl. 39. árg.



Kveður Fiskistofu

Eyþór Björnsson hefur ákveðið að róa á ný mið eftir áratug í stóli Fiskistofustjóra.

» 3

Milljarðar fyrir krabbann

Kristján Hjaltason, sérfræðingur hjá Norebo í Evrópu, segir stefnu rússneskra yfirvalda vera að landið verði sjálfbært á sem flestum sviðum. Ekki síst í veiðum og vinnslu sjávarfangs.

» 8



Faraldur ógnar

Kórónaveiran hefur áhrif á allt daglegt líf fólks í Kína og hefur þegar kostað mannlíf. Röskun í fiskvinnslu og truflun á fiskisölu er ein hlíðaráhrifa faraldursins.

» 9



Skipin sem önnuðust loðnuleit á vegum Hafrannsóknastofnunar í samstarfi við útgerðina þurftu að leita til hafnar vegna veðurs. Hér eru strákarnir á Hákon EA - skipi Gjögurs á Grenivík - í spottunum þegar skipið leitaði til hafnar á Akureyri í miðjum leiðangri. Lítið hefur fundist en leit hefst aftur strax í febrúarbyrjun.

MYND/ÞORGEIR BALDURSSON

Skaðvaldur kominn til að vera

Glærmöttull er framandi tegund og skaðvaldur sem fannst fyrst hér við land 2007 og er farinn að gera sig heimakominn á Suðvesturlandi. Hann getur breiðst hratt út og stofnað skeldýrarækt og fiskeldi í hættu.

„Ef við viljum ekki að þetta komi niður á vistkerfum okkar og atvinnuvegum til

fram tíðar þá verðum við að fara að breyta regluverkinu,“ segir dr. Sindri Gíslason, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands. „Við erum með ótal dæmi frá nágrennalöndunum sem sýna að taflinu verður ekki snúið við þegar framandi tegundir eru sestar hér að.“

Sindri og félagar hans hafa gert rannsókn

á útbreiðslu glærmöttuls hér við land og hafa nú birt niðurstöður sínar í tímaritinu Regional Studies in Marine Science.

„Þéttleikinn sem við sáum hérna suðvestanlands er gríðarmikill. Mestur var hann í Sandgerði eða 876 dýr á fermetra.“

» 6-7



Frystigámar / Sala og leiga 10 / 20 og 40 ft.

Seljum einnig og leigjum gámahús, geymslugáma og salernishús í ýmsum stærðum og gerðum. Bjóðum sérlausnir, sniðnar að þörfum viðskiptavina.

Hafðu samband!

Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Sími 568 0100

www.stolpigamar.is

Fulltrúar þriggja japanskra sjávarútvegsfyrirtækja í heimsókn á Íslandi

Hafa þungar áhyggjur af loðnubresti

Loðna er vinsæl matvara í Japan og megnið af henni kemur frá Íslandi. Japanskir loðnuframleiðendur óttast að loðnubresturinn hér geti þó gert neytendur fráhverfa loðnu. Þúsundir starfa séu í húfi.

GUDSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is

Fulltrúar þriggja japanskra sjávarútvegsfyrirtækja heimsóttu Ísland í síðustu viku, héldu á fund bæði sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra og héldu einnig opinbert erindi í Þekkingarsetri Vestmannaeyja þar sem þeir greindu frá áhyggjum sínum af loðnubrestinum hér á landi.

Þeir sögðu afar mikilvægt fyrir markaðinn í Japan að loðna haldi áfram að berast frá Íslandi.

„Til þess að halda loðnumarkaðnum í Japan þarf að minnsta kosti tíu þúsund tonn af loðnu,“ sagði Tamura Takahiro frá Azuma Foods International. Á síðasta ári hafi enn verið til nægar birgðir en þær muni klárast í júní næstkomandi.

Yohei Kitayama frá Okada Suisan tók í sama streng og sagði fyrirtækið reiða sig alfarið á loðnu frá Íslandi.

Bæði þessi fyrirtæki eru frekar lítil á heimsvísu en ráðandi á loðnumarkaðnum í Japan.

Þriðja fyrirtækið er Maruha Nichiro, en það er stærsta sjávarútvegsfyrirtæki heims, stofnað árið 1880 og með ársveltu upp á ríflega þúsund millj-

arða íslenskra króna. Það er nokkru meira en fjárlög íslenska ríkisins.

Í viðskiptum við Vinnslustöðina Alls starfa um 11 þúsund manns hjá Maruha Nichiro og dótturfyrirtækjum þess, en samtals er þetta samsteypa 153 fyrirtækja víðs vegar um heiminn, þar af er helmingurinn í Japan.


Öll fyrirtækin þrjú hafa átt í viðskiptum við Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum og leggja þar mesta áherslu á loðnu ásamt makríl. Vinnslustöðin á reyndar tíu prósent í Okada Suisan, keypti fimm prósent hlut fyrir þremur árum og aftur fimm prósent á síðasta ári.

Hiroshi Yamazaki frá Maruha Nichiro segir að fyrirtækið reki um tuttugu loðnuvinnslur og þar starfi um þrjú þúsund manns. „Ef engin loðna kemur í ár þá mun þetta fólk verða fyrir tjóni, og í versta falli missa vinnuna.“

Hann segir Bandaríkin kaupa um 80 prósent af framleiðslunni en frá Íslandi kaupi fyrirtækið ekki bara loðnu og loðnuhrogn heldur einnig karfa, grálúðu, makríl og síld.

Undanfarin ár hefur fyrirtækið keypt tíu til tólf þúsund tonn af loðnu frá Íslandi, en sjö til níu þúsund samtals að auki frá Noregi og Kanada. Verulegur samdráttur varð á síðasta ári þegar fyrirtækið keypti nærri 6 þúsund tonn frá Íslandi en rúm 9 þúsund tonn samtals frá Noregi og Kanada.

Hvað loðnuhrognin varðar sérstaklega þá eru þau nánast eingöngu keypt frá Íslandi, en



Hiroshi Yamazaki frá Maruha Nichiro, stærsta sjávarútvegsfyrirtæki heims, í Þekkingarsetri Vestmannaeyja.

MYND/EYJAFRÉTTIR

svolítið magn þó frá Noregi líka. Hlutur Noregs hækkaði nokkuð á síðasta ári þegar loðnan brást.

Síldarhrogn á hliðarlínunni

Hann segir markaðinn fyrir loðnuhrogn áður hafa verið bundinn að mestu við Japan, en hróður þeirra hafi borist víðar á síðustu árum og markaðurinn stækkað. Nú kaupa menn íslensk loðnuhrogn af Japönum einnig í Rússlandi og Austur-Evrópu, Kóreu, Kína, Bandaríkjunum, Kanada og víðar.

Hann segir ljóst að fáist engin loðnuhrogn muni markaðurinn snúa sér að síldarhrognum, eins og gerðist í nokkrum mæli strax á síðasta ári.

Síldarhrogn eru framleidd í Danmörku, Þýskalandi,



Loðna í hillum japanskrar verslunar.

MYND/MARUHA NICHIRO

TIL HAMINGJU

Við óskum útgerð og áhöfn Páls Jónssonar GK 7 til hamingju með Optim-ICE® ísþykkibúnaðinn frá KAPP ehf.

Vísir hf valdi eftirfarandi búnað:

- BP-120 vélbúnað
- T-2000 forðatank
- FK-100 forkæli

KAPP ehf
THE OPTIM-ICE COMPANY

Miðhraun 2 · 210 Garðabæ · 587 1300
Kapp@kapp.is · www.kapp.is

OPTIM-ICE®

Þar sem kælikeðjan rofnar aldrei

Hjaltlandseyjum og Noregi. Framleiðslan nam um 5 þúsund tonn á síðasta ári og má búast við að hún aukist til að koma til móts við loðnubrestinn.

Hann greindi einnig frá því að í Noregi ætli menn að framleiða hrogn úr norsk-íslensku vorgotssíldinni strax núna í febrúar og mars.

Hrafn Sævaldsson, nýsköpunar- og þróunarstjóri Þekkingarsetursins, kynnti erindin og vakti sérstaka athygli á því að komið hefði verið með íslenska loðnu frá Japan svo hægt væri að hafa hana til sýnis á fundinum. Hér á landi séu hvergi nein loðna fáanleg.

Loðnuleitarleiðangur Hafnannsóknastofnunar hófst um miðjan janúar og var siglt austur og norður með landi en lítil loðna fannst, ekki nógu mikið til að gefa út kvóta fyrir vertíð ársins. Í næstu viku er stefnt á framhaldsleit en allt óvíst um útkomuna.